

Alþingi
Erindi nr. P 140/1589
komudagur 21.3.2012

Nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

20. mars 2012

Efni: Frumvarp til laga um ráðstafanir til að lækka eldsneytisverð.

SVP – Samtök verslunar og þjónustu hafa haft þungar áhyggjur af af háu eldsneytisverði og afleiðingum þess fyrir atvinnulíf, ekki síst innan verslunar og þjónustu, og fagna því fyrirbyggjandi frumvarpi til laga um ráðstafanir til að lækka eldsneytisverð.

Eins og skýrt hefur komið fram í fréttum hefur olíuverð hækkað verulega á síðustu vikum, eða um 22% frá því desember sl. Á sama tíma hefur gengi íslensku krónunar veikst á mótí bandaríkjadal um tæp 6% sem aftur hækkar erlent innkaupsverð olíu. Olía er mikilvægasti orkugjafi heimsins þegar kemur að samgöngum og því leggst hátt olíuverð sérstaklega þungt á þá sem nota bifreiðar hvort sem er til einkanota eða atvinnureksturs.

Öll fyrirtæki sjá rekstrarkostnað ökutækja stórhækka sem bæði leiðir til hærri verðs og minnkandi þjónustu þar sem slíku verður við komið.

Í mörg ár hefur skattlagning á eldsneyti verið stór tekjuliður hjá ríkissjóði og skilar sá skattur verulegum fjárhæðum bæði í gegnum virðisaukaskatt og fjölmörg önnur gjöld sem lögð eru á við innflutning eða sölu. Því er brýnt að meta það heildstætt hvort núverandi fyrirkomulag á tekjuöflun ríkissjóðs sé heppilegt eða hvort að rétt sé snúa af þeirri leið að hækka sífellt útsöluverð á eldsneyti með öllum þeim neikvæðu afleiðingum sem þekktar eru.

Mikil umræða hefur einnig átt sér stað um að hátt verð á eldsneyti dragi úr ferðalögum og félagslegum lífsgæðum, það má einnig leiða líkum að því að þeir sem búa utan höfuðborgarsvæðisins standi verr að vígi þar sem oft þarf að fara um langan veg að sækja þjónustu.

SVP skora á Alþingi að lögfesta lækkun á opinberum álögum á eldsneyti sem aftur myndi stuðla að auknum kaupmætti, leiða til tímabundinnar lækkunar verðbólgu og þar með auknum umsvifum í hagkerfinu.

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri